



Reglur Afreks- og styrktarsjóðs Íþróttá- og æskulýðsráðs Dalvíkurbyggðar

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afreks- og styrktarsjóður ÍÆ-ráðs Dalvíkurbyggðar.

2. gr.

Markmið sjóðsins eru:

- a) Að styðja við og veita viðurkenningu fyrir góðan árangur og öflugt íþróttá-, félags- og æskulýðsstarf í sveitarfélaginu. Að veita viðurkenningar til félaga fyrir gott fordæmi á sviði almenningsíþróttá.
- b) Að styrkja og veita viðurkenningar til einstakra afreksmanna á sviði íþróttá, sem eiga lögheimili í Dalvíkurbyggð.
- c) Veita árlega viðurkenningu íþróttamanni Dalvíkurbyggðar að fengnum tilnefningum íþróttafélaga í Dalvíkurbyggð (skv. sérákvæðum). (Liður 06-80-).

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Árlegt framlag úr aðalsjóði Dalvíkurbyggðar skv. fjárhagsáætlun sem íþróttá- og æskulýðs gerir tillögu um ár hvert. (Liður 06-80)
- b) Frjáls framlög og áheiti.

4. gr.

Íþróttá- og æskulýðsráð Dalvíkurbyggðar er stjórn sjóðsins. Ráðið auglýsir eftir umsóknum einu sinni á ári og skal það gert fyrir 15. nóvember, vegna þess árs, janúar til desember. Ráðið tekur umsóknir til umfjöllunar á fyrsta fundi Íþróttá- og æskulýðsráðs eftir að umsóknarfresti er lokið. Styrkumsóknir skulu berast sjóðsstjórn skriflega á þar til gerðum eyðublöðum sem eru á Mín Dalvíkurbyggð www.dalvikurbyggd.is. Stuðningur og viðurkenningar til félaga og hópa skv. 2. gr. a) fellur ekki hér undir.

Íþróttá- og æskulýðsráð úthlutar úr sjóðnum á hátíðarfundi íþróttá- og æskulýðsráðs.

5. gr.

Styrkupp hæðir úr sjóðnum miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.



Ákvæði um umsóknir

- Styrkumsóknir skulu berast sjóðsstjórn skriflega á þar til gerðu eyðublaði. Eyðublöð má finna á Mín Dalvíkurbyggð www.dalvikurbyggd.is. Mikilvægt er að umsókn sé skýr. Íþrótta- og æskulýðsráð getur vísað frá þeim umsóknum sem ekki eru fullnægjandi.
- Styrkur er greiddur þegar skrifleg staðfesting hefur fengist að verkefni er lokið nema ef íþrótta- og æskulýðsráð tekur ákvörðun um annað.
- Íþrótta- og æskulýðsráði er heimilt að endurkrefja styrkþega um styrk ef í ljós kemur að verkefni breyttist til muna eða ef rangar upplýsingar voru gefnar.